

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2025

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 27. maí 2026.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Samstarf félaganna rekur uppruna sinn til ársins 2013 en þá falaðist RS eftir samtarfi við LB. Gekk það eftir og var gerður þjónustusamningur á milli félaganna sem síðan hefur verið endurnýjaður nokkrum sinnum, síðast í byrjun árs 2024 og gildir hann til 30. september 2027. Frá upphafi hefur það verið markmið samstarfsins að samnýta aðföng og þekkingu í þeim tilgangi að stuðla að framþróun Sarps, auknum gæðum skráningar, öflugri notandaþjónustu og upplýsingagjöf til eigenda og viðskiptavina auk betra aðgengis almennings að gögnum. Í þjónustusamningnum felst að LB sér um daglegan rekstur, stjórnun, starfsmannahald, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notandaþjónustu.

Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 27. maí 2025. Í fulltrúaráð voru kjörin: Harpa Þórsdóttir, formaður og Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Dagný Heiðdal og Steinunn Harðardóttir frá Listasafni Íslands, Anita Elefsen frá Sildarminjasafni Íslands, Berglind Þorsteinsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga, Gerður Róbertsdóttir og Þorvaldur Gröndal frá Borgarsögusafni Reykjavíkur auk Bjargar Björnsdóttur frá Minjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið fundaði í kjölfar aðalfundar og kaus eftirtalin í þriggja manna framkvæmdastjórn: Ágústa Kristófersdóttir, formaður, Dagný Heiðdal og Gerður Róbertsdóttir. Fulltrúaráð hélt tvo fundi á árinu 2025.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Gjaldskráin, sem er þrepaskipt og tekur mið af ársverkfjölda aðildarsafns er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysluverðs. Núverandi gjaldskrá byggir á tillögum vinnuhóps sem var að störfum árin 2015-2016 og kom til framkvæmda árið 2017.

Framkvæmdastjórnin hélt 8 fundi á árinu 2025.

Eitt meginverkefni stjórnar á starfsárinu fólst í virkri þátttöku í innleiðingu arftaka Sarps 3, kerfinu MuseumPlus/eMP frá Zetcom, sem í okkar meðförum fékk nafnið **Sarpur 4**.

Rifja má upp að samningurinn við Zetcom var gerður á árinu 2023 að undangengnu útboði á EES. Stofnkostnaður reiknaðist á þáverandi gengi rúmar 42 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður 11 m.kr. fyrstu tvö árin en hækkar eftir það árlega um 2%. Samningstími er 8 ár með möguleika á tveggja ára framlengingu í tvígang þannig að hámarks lengd eru 12 ár. Sarpur 4 er vistaður í evrópsku skýi en ársfjórðungslega er tekið afrit af gögnum og eru þau vistuð hérlendis.

Félagið tók áfram þátt í starfi MSHL (Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista) á árinu en á þeim vettvangi var gengið til samvinnu við ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla um stafvæðingarátætlun á sviði menningar.

Í þriðja sinn, eftir að fyrri umsóknum hafði verið hafnað, sendi félagið í nóvember umsókn í Innviðasjóð Rannís í gegnum MSHL vegna DAM-kerfis (e. Digital Asset Management System) sem nauðsynlegrar viðbótar við Sarp svo hann uppfylli þarfir um utanumhald og umsýslu stafrænna gagna.

Í lok árs var sótt um verkefnastyrk í safnasjóð fyrir þarfagreiningu fyrir DAM kerfi.

Í kjölfar síðasta aðalfundar var starfshópur með það hlutverk, að skoða gjaldskrá og leiðir til að tryggja sjálfbæran rekstur félagsins til framtíðar skipaður: Björg Björnsdóttir frá Minjasafni Austurlands, Hanna Rósa Sveinsdóttir frá Minjasafninu á Akureyri og Þorvaldur Gröndal frá Borgarsögusafni. Hópurinn, sem vann ötullega á starfsárinu mun kynna niðurstöður sínar á fundinum í dag.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri RS og LB en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Starfsmenn félagsins í fullu starfi voru og eru tveir. Vala Gunnarsdóttir gegndi starfi fagstjóra Sarps og verkefnastjóra innleiðingar nýs Sarps og Anna Rut Guðmundsdóttir starfi sérfræðings. Ástæða er til þess að hafa í huga hversu fálíðað félagið er, í ljósi þeirra stóru verkefna sem unnin voru á starfsárinu.

Fagstjóri og sérfræðingur eru starfsmenn LB en sinna alfarið verkefnum fyrir RS sem greiðir allan útlagðan launa- og launatengdan kostnað samkvæmt reikningi.

Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók

Skráningarráð Sarps fundaði ekki á árinu. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Taka þarf ákvörðun um framtíð / hlutverk ráðsins í nýju kerfi.

Í ráðinu sátu árið 2025: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Elín Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands, Lýður Pálsson frá Byggðasafni Árnesinga og Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Byggðasafninu í Görðum á Akranesi.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Hreinar rekstrartekjur á árinu 2025 voru neikvæðar sem nam 6,2 m.kr. og er það viðsnúningur frá fyrra ári er sambærileg tala var 1 m.kr. í plús. Niðurstaða rekstrarins að teknu tilliti til fjármunatekna er tap upp á 3,4 m.kr. á árinu 2025.

Skýringarnar eru margar, félagið greiddi nú fullt stöðugildi sérfræðings en áður var helmingur þess greiddur af Öndvegisstyrk. Innleiðing nýs Sarps jók kostnað en hvort tveggja var fyrirséð.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2025 námu 71,8 m.kr. og skiptast þær í tekjur vegna notendaleyfissamninga, 60,3 m.kr. og styrk úr innviðasjóði Rannís í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista 11,5 m.kr.

Rekstrarkostnaður ársins 2025 var 78 m. kr.. Hann skiptist í þrennt, rekstrarkostnað kerfis, 31,6 m.kr., laun og launatengdan kostnað, 26,4 m.kr. og annan rekstrarkostnað, 20 m.kr.

Eigið fé félagsins í lok árs 2025 var 82,1 m.kr. og heildareignir voru 82,3 m.kr.. Þar af eru 56,1 m.kr. bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 og lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 8 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is. Enn hefur ekki þurft að ganga á sjóðinn en fyrirséð er að til þess mun koma fljótlega.

Eiginfjárlutfall þ.e. hlutfall eigin fjár af heildareignum er 99,7%.

Arðsemi eigin fjár er neikvæð um 4%.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2025.

Innleiðing og opnun nýs Sarps - Sarpur 4

Meginviðfangsefni starfsársins var innleiðing nýs Sarps, Sarps 4, og var þar í mörg horn að líta. Yfirfærsla gagna úr Sarpi 3 var stórt og flókið verkefni, samþættingar við ytri kerfi tóku einnig í og vandasöm var skipulagning þekkingaryfirfærslu til starfsmanna safna, en þar var bæði um að ræða formlega kennslu en einnig gerð leiðbeininga í formi texta og myndbanda.

Notandaprófanir kerfis kröfuðst töluverðrar vinnu og miðla þurfti niðurstöðum til Zetcom á skýran og skiljanlegan hátt. Eins og ávallt þurfti eftirfylgni og yfirsýn yfir kröfur og framgang verkefnisins til að tryggja að mikilvæg viðfangsefni yrðu ekki út undan í hita leiksins. Snemma var farið að huga að framkvæmd opunar nýs kerfis og útleiðslu þess eldra og áhersla var lögð á að sem minnst truflun yrði á vinnu safnafólks í því ferli.

Haldinn var fjöldi verkefna- og vinnufunda auk stýrihópsfunda, en stýrihópurinn fór með yfirumsjón verkefnisins. Í honum sátu formaður stjórnar RS, framkvæmdastjóri, sem var skilgreindur eigandi verkefnisins, auk verkefnastjóra. Af Zetcom hálfu sátu fundina eigandi, sem jafnframt er stjórnarformaður verksala, auk verkefnisstjóra þeirra. Á þessum fundum var fólk ekki alltaf sammála og stundum tekist á, en í stórum dráttum gekk samstarfið eins og við mátti búast.


Starfsmenn félagsins eyddu drjúgum stundum á formlegum veffundum með framleiðanda, þar sem mikil vinna fór fram sem og á milli funda. Sýndu þeir mikið úthald og þrautseigju. Verkefnahópurinn, sem í sátu Dagný Heiðdal, Gerður Róbertsdóttur, Ólöf Bjarnadóttir, Þorvaldur Böðvarsson, Anna Rut og Vala, sem leiddi hópinn sem verkefnastjóri, tóku einnig þátt í afmörkuðum hluta vinnunnar. Loks ber þess að geta að breiður hópur safnafólks kom að notandaprófunum. Aðkoma safnafólks að innleiðingunni var afar mikilvæg, enda komu

fjöldmörg álitamál upp og vanda þurfti til ákvarðana. Jafnframt byggðist upp þekking á kerfinu innan þessa hóps og urðu margir snemma ötulir talsmenn þess.

Vinna við ytri vef snéri bæði að virkni og útliti og fól m.a. í sér: möppun sviða, vinnu við leit, gagnvirkni („Veistu meira“ og „Panta mynd“), þýðingar á íslensku, birtingu upplýsinga um höfundarrétt og notkunarskilmála. Ákveðið var að upplýsingar um höfundarréttthafa verks birtist fyrir neðan mynd sem og í texta við hlið myndar. Sé réttthafi myndar skráður í rafræn skjöl á innri vef birtist nafn hans fyrir neðan. Ákveðið var að niðurhal mynda yrði leyft en hafa skyldi hliðsjón af leyfilegri notkun eins og hún er skilgreind í notkunarskilmálum.

Vinna við ytri vef, sarpur.is var nánast öll unnin á starfsárinu og var því frá upphafi ofarlega á blaði í áhættumati verkefnisins. Ekki reyndist það ofmat því fjölmargir lausnir endar reyndust lausir og vakti nokkra furðu hversu seint framleiðandi hnýtti marga þeirra. Var það ástæða þess að seinka varð opnun kerfisins.

Á meðal styrkleika nýja Sarps er að hann talar við aðra mikilvæga innviði svo sem bókasafnakerfin Gegni og Leitir.is, kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar, island.is auk þjóðskrár og fasteignaskrár. Tengingar þvert á söfn í gegnum sameiginlega nafnaskrá, staðarskrá og heimildaskrá auka samstarf á milli safna og opna möguleika á nýjum rannsóknum á menningararfinum auk þess að styðja við fræðslustarf. Á meðal annarra nýmæla í nýju kerfi má nefna stórbætta leitarmöguleika með öflugri leitarvél, stuðning við bæði íslensku og ensku auk þess sem fjölmargir miðlunarmöguleikar eru í boði. Í anda samstarfs RS og LB er líka hægt að leita í Sarpí á Leitir.is.



Sarpsgögn eru leitabær í Leitir.is

Á farskóla á Selfossi í byrjun október fékk nýi Sarpur góða kynningu. Fagstjóri fór yfir stöðu verkefnisins og áætlanir varðandi opnun kerfisins. Svo stigu starfsmenn Zetcom, Marcel Zemp stjórnarformaður og Richard Herz annar tveggja framkvæmdstjóra á stökk og kynntu félagið og ytri vef.

Í árdaga verkefnisins var gert ráð fyrir gangsetningu í byrjun september, á aðalfundi fyrir ári síðan var ljóst að það myndi frestast til seinnihluta október. Endanlega niðurstaðan varð svo sú að Sarpur 3 fór í „lesham“ 31. október en þá hófst lokagagnayfirlæsla. Sarpur 4 opnaði loks 21. nóvember en formleg kerfisopnun var síðar. Ekki telst þetta veruleg seinkun í ljósi umfangs verkefnisins.

Áður en kerfið var opnað var gengið frá samkomulagi aðila um atriði sem enn voru útistandandi og hafa flest þeirra verið leyst er þessar línur eru ritaðar. Við tók þriggja mánaða „vöktunartímabil“ eða millibilsástand áður en kerfin færðust yfir í almenna notandaþjónustu framleiðanda.

Logi Einarsson ráðherra menningar-, nýsköpunar- og háskóla opnaði Sarp 4 formlega við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 3. desember. Fjöldi safnafólks var viðstaddur þennan viðburð enda langþráður áfangi í höfn.



*Mynd til vinstri, frá vinstri talið: Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri, Ágústa Kristófersdóttir formaður, Vala Gunnarsdóttir fagstjóri Sarps, Gerður Róbertsdóttir ritari, Dagný Heiðdal gjaldkeri og Anna Rut Guðmundsdóttir sérfræðingur.
Mynd til hægri: Vala Gunnarsdóttir aðstoðar Loga Einarsson ráðherra við opnun Sarps.
Ljósmyndari: Elísa B. Guðmundsdóttir, Listasafni Íslands*

Gamli Sarpur, Sarpur 3

Samhliða því sem Sarpur 4 leit dagsins ljós í lok árs var eldra kerfi, Sarpur 3 tekið úr notkun. Fram til þess tíma sá fyrirtækið Apro um viðhald kerfisins samkvæmt gildandi samningi. Sem fyrr var vinnan unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps. Öllu viðhaldi kerfisins var haldið í algjöru lágmarki á árinu og aðeins gerðar nauðsynlegar breytingar.

Apro aðstoðaði við gagnaflutninga úr Sarpi 3 í nýja Sarp með margvíslegum hætti og var það töluverð vinna.

Notendur í Sarpi - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi

Listasafnið á Akureyri bættist í hóp Sarpssafna á starfsárinu og hófst strax handa við skráningu. Listasafn Einars Jónssonar sameinaðist Listasafni Íslands. Alls var fjöldi greiðenda í lok ársins 59 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu.

Í stað þess að flytja alla „virka“ notendur Sarps 3 yfir í nýja Sarp var ákveðið að kalla eftir upplýsingum frá söfnunum um hvaða notendur ættu að fá aðgang að nýja kerfinu. Var þetta meðal annars gert til þess að taka til í notendaaðgöngum en einnig vegna þess að notendaaðgangarnir í nýja kerfinu lúta aðeins öðrum lögmálum en áður. Byrjað var á að stofna svokallaða notendahópa, hver með skilgreinda virkni og aðgangsheimildir og notendum síðan skipað í hópa. Strax bárust beiðnir um notendaaðganga en síðan að nýja kerfið fór í loftið hafa jafnt og þétt borist fleiri beiðnir um notendaaðganga, þá einnig margar frá starfsmönnum sem aldrei höfðu aðgang að Sarpi 3. Því er hægt að draga þá ályktun að fleiri en bara skráningafólk sé byrjað að nota innra kerfið í sínum störfum sem er auðvitað eins og við viljum hafa það.

Þá er komið að ýmsum tölulegum upplýsingum.

Í maí 2026 eru samtals 273 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps miðað við 222 virka notendur á sama tíma í fyrra. Í raun eru aðgangarnir nokkuð fleiri því ýmsir prófunaraðgangar voru stofnaðir til að prófa mismunandi notendahópa, API köll hafa sér notendaaðganga og nokkrir starfsmenn Zetcom einnig og eru það samtals 27 aukalegir aðgangar. Erfitt er að bera saman notendaaðgangana frá fyrra kerfi þar sem þeir eru mjög ólíkir að uppsetningu. Flestir hafa réttindi til að skrá og breyta einhverju í kerfinu, en hægt er að

aðgangsstýra kerfinu mun meira en áður, t.d. sjá sumir notendur ekki ýmsa módúla t.d. sýningar og útlán nema ef þeir þurfa. Alls eru 32 notendur eingöngu með lesaðgang að kerfinu.

Heildarfjöldi skráðra aðfanga við lok árs árið 2025 var 1.759.743. Fjöldi skráningafærslna með rafrænu skjali var 670.126 og fjöldi rafrænna skjala í kerfinu, óháð því hversu mörg skjöl tengjast hverju aðfangi var 782.020. Nýskráningar ársins 2025 voru 56.649 í Sarp 3 og 627 í Sarp 4 (þ.e. í nóvember og desember 2025), samtals 57.276 nýskráningar. Til samanburðar var fjöldi aðfanga í lok árs 2024, í Sarpi 3 alls 1.713.873.

Árið 2025 voru gerðar breytingar á 481.875 færslum í Sarpi 3 og 5500 færslum í Sarpi 4, eða samtals 487.375 færslum. Þar eru ekki taldar með þær breytingar sem starfsmenn RS gerðu með fjöldabreytingu til að lagfæra eftir gagnaflutninga. Til breytinga teljast t.d. uppfærðar upplýsingar, lagfæringar í skráningu eða að ljósmynd hafi verið bætt við.

Þann 1. maí 2026 voru 771.455 aðföng birt á sarpur.is og er það þó nokkur fækkun frá fyrra ári en það má aðallega rekja til þess að margar myndlausar færslur voru teknar úr birtingu. Fjöldi birtra skráninga á sarpur.is með ljósmynd eru nú 562.403 talsins og er vefurinn því nú um 73% myndvæddur.

Mælingar með Google Analytics fyrir nýjan ytri vef hófust í mars 2026 og eru því ekki til tölur varðandi heimsóknir frá því að vefurinn opnaði í nóvember 2025.

Ef horft er á tímabilið 24. mars – 24. apríl til að fá hugmyndir um notkun á vefnum eru daglegir notendur frá 95 minnst upp í 600 mest. Heimsóknir á tímabilinu voru 4649, 3043 notendur komu beint á slóðina sarpur.is, 1430 notendur komu af samfélagsmiðlum og 168 notendur komu frá tilvísunum af öðrum vefsíðum.

Notendur voru að meðaltali á síðunni í 4 mínútur og 42 sek í hverri heimsókn. Lengstar heimsóknir voru frá þeim sem komu frá tilvísunum frá öðrum síðum (rúmar 8 mínútur) og þeim sem fundu síðuna sjálfir (tæpar 6 og hálf mínúta). Styðstu heimsóknirnar koma frá samfélagsmiðlunum eða 41 sekúnda – þar virðast notendur eingöngu smella á mynd sem hefur verið deilt og skoða lítið annað á síðunni.

Síðuflettingar á þessum tíma voru 94.792. Notendur á sarpur.is á koma langflestir frá Íslandi (3441), þar á eftir koma Singapore, Svíþjóð, Írland, Þýskaland og önnur lönd.

Kennsla og notendapjónusta

Ekki voru haldin námskeið í Sarpi 3 árið 2025 vegna vinnu við innleiðingu nýs kerfis. Nýir notendur í gamla kerfinu fengu sent kennslumyndband og annað kennsluefni og ef eitthvað var óljóst eftir þá yfirferð var frekari spurningum svarað símleiðis eða á stuttum Teams fundum.

Nokkur námskeið voru haldin í nýja Sarpi á árinu. Fyrst voru haldin grunnnámskeið í mars fyrir þá notendur sem tóku þátt í notendaprófunum með okkur í bytjun apríl en alls tóku 43 notendur frá 23 söfnum þátt og var nokkuð mismunandi hvaða atriði hver notandi prófaði.

Í nóvember og desember voru svo haldin grunnnámskeið í kerfinu, námskeiðin í nóvember voru fyrir opnun nýja kerfisins og voru allir hvattir til að sækja þau ef þeir þyrftu að nota kerfið strax við opnun. Í nóvember voru haldin 3 staðnámskeið og 2 fjarnámskeið, 41 sóttu staðnámskeiðin og 57 fjarnámskeiðin.

Í desember eftir opnun var svo haldinn einn *Spurt og svarað* fjarfundur, tvo grunnnámskeið, annað á staðnum og hitt sem fjarfundur. Átta notendur sóttu staðnámskeiðið og 23 komu á fjarnámskeiðið.

Lokaorð

Árið 2025 var tímamótaár í sögu Menningarsögulega gagnasafnsins Sarps. Þéttur hópur starfsfólks, stjórnar og safnafólks vann verkefnið af þrautseigju og yfirvegum sem færði okkur nýtt umsýslu- og skráningarkerfi og nýjan ytri vef í lok árs. Það er dugnaði og framsýni fjölmargra allt frá því Sarpur varð fyrst til á síðustu öld að þakka að við erum nú með kerfi sem inniheldur upplýsingar um hátt í tvær milljónir aðfanga. Við getum verið stolt af þessum árangri.

Við færum þessu fólki og öllum þeim sem sýndu þolinmæði og skilning á meðan á vinnunni stóð okkar bestu þakkir. Einnig þökkum við starfshópnum um framtíðarskipan Sarps fyrir góða vinnu.

Mörg viðfangsefni bíða okkar nú þegar nýi Sarpur er kominn í notkun. Kannski er eitt það brýnasta að huga að að tiltekt og betrubótum á efnisorðum og flokkun. Góð efnisorð auðvelda fólki að finna það sem leitað er að.

Spennandi verður að hefjast handa við leit að hentugu DAM kerfi og mikilvægt að tryggja fjármögnum rekstrarkostnaðar þess til framtíðar lítið. Stofnkostnaður verður að stórum hluta fjármagnaður með ríflega 30 m.kr. styrk úr Innviðasjóði Rannís sem nýlega var upplýst um. Einnig fékkst 2,5 m.kr. styrkur úr safnasjóði.

Að lokum þakkar stjórn Sarps Landskerfi bókasafna fyrir gott samstarf á árinu og færir starfsfólki Rekstrarfélagsins sérstakar þakkir, Anna, Sveinbjörg og Vala án ykkar væri þetta ekki hægt.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Ágústa Kristófersdóttir, formaður
Dagný Heiðdal, gjaldkeri
Gerður Róbertsdóttir, ritari